

Fréttabréf

FIT



10. ÁRGANGUR // 3. TÖLUBLAÐ // DESEMBER 2012

Vill sjá FIT sem landsfélag

Viðtal við Rúnar Bogason varastjórnarmann í FIT

Starfsráðgjafi til starfa

Viðtal við Stefán Stefánsson atvinnulífsfræðing

Berjum í brestina

Hilmar Harðarson formaður



Tvennukort - Sérkjör fyrir félaga í FIT hjá Olís og ÓB

Olís og ÓB bjóða félagsmönnum í FIT, félagi iðn- og tæknigreina, Tvennukort Olís og ÓB. Tvennukortið er staðgreiðslukort sem tryggir þér góðan afslátt af eldsneyti, vörum og þjónustu hjá Olís og ÓB. Ekki þarf að tengja kortið við debet- eða kreditkort, þú einfaldlega framvísar kortinu þegar þú greiðir.



Afsláttur sem kortið veitir:

- -7 kr. af lítra frá dæluverði á þjónustustöðvum Olís
- -5 kr. af lítra frá dæluverði hjá ÓB
- 15% afsláttur af bílavörum á þjónustu stöðvum Olís
- 12% afsláttur af smurólíum
- 15% afsláttur af Quiznos og heitum mat hjá Olís
- 5-10% afsláttur af öðrum vörum nema af tóbaki, símakortum, happadrætti, tímaritum eða blöðum
- 10% afsláttur af útivistar- og ferðavörum hjá Ellingsen nema af ferðatækjum eða vörum á tilboði
- 10% afsláttur hjá smurstöðvum Olís og hjá MAX 1

Vildarpunktur

Til að safna vildarpunktum Icelandair þarf að greiða úttekt með kreditkort sem er með vildarpunktasöfnun t.d. Visa vildarklúbbskort eða American Express vildarklúbbskort. Þú getur sótt um kortið með því að skrá þig inn á orlofsvef félagsins, velur afslætti og svo sérafslætti

Fréttabréf FIT
3. tbl. 10 árg. DES. 2012

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Út í bláinn



Út í bláinn eru skemmtilegar útivistarferðir sem FIT og Fagfélagið standa að. Um er að ræða skemmtiferðir sem farnar eru síðasta sunnudag í hverjum mánuði frá áramótum til vors. Mæting er við Borgartún 30 kl. 13 þar sem tilkynnt er um áfangastaðinn og yfirleitt tekinn léttur og skemmtilegur göngutúr. Síðasta ferðin á vorin er jafnan veglegust og þá mætt fyrir og ekið með rútu eitthvað út í bláinn. Fylgist með á heimasíðu FIT því hugsanlega gæti þurft að breyta tímasetningu vegna veðurs eða annara ófyrirsjáanlegra orsaka.

Bridge

Jólamótið í bridge verður spilað þann 13. desember í Borgartúni 30 á 6. hæð. Eftir áramót hefst spilamennskan 17. janúar kl. 19:30.



Kvöldin eru eftirfarandi:

17. og 31. janúar: Gluggasmiðjumótið
14. og 28. febrúar: Byggiðnarmótið
14. mars og 4. apríl: Húsasmiðjumótið
19. apríl: Lokakvöld

Veiðikortið

Nú er veiðikortið 2013 komið í sölu á orlofsvefnum. Það mun eflaust gleðja marga að Elliðavatnið er nú inni í kortinu og því stutt fyrir höfuðborgarbúa að komast í veiði. Svo lítil hækkun hefur orðið á kortinu milli ára og kostar nú kr. 3.500, en fullt verð kr. 6.900. Upplagt fyrir félagsmenn að panta það strax og fá svo að gjöf frá jólasveininum.

Gleðileg jól.

Berjum í brestina

FORSENDUR SAMNINGA BROSTNAR, REYNA ÞARF END- URSKOÐUN TIL ÞRAUTAR.

Í upphafi næsta árs þarf verkalýðs-hreyfingin að taka ákvörðun um endurskoðun kjarasamninga fyrir 21. janúar næstkomandi. Ljóst er að forsendur kjarasamninganna sem gerðir voru í maí 2011 hafa ekki staðist.

Tvær leiðir koma til greina

Annars vegar er sá möguleiki að beita uppsagnarákvæði kjarasamninganna. Það mun meðal annars þýða að ákvæði samninganna um 11 þúsund króna hækkun á kauptaxta og 3,25% almenn kauphækkun frá 1. febrúar næstkomandi kemur ekki til framkvæmda.

Hins vegar er að leita lausnar innan ramma gildandi samnings og ná þannig fram kjarabótum og fá bættar þær skerðingar sem launafólk og lífeyrisþegar hafa orðið fyrir.

Undanfarnar vikur og mánuði hefur verið unnið mikið starf á okkar vettvangi. Lögð hefur verið áhersla á að undirbúa næstu skref vandlega og kanna vel hug félagsmanna til þessa máls.

SJÓNARMÍÐ FÉLAGSMANNA

Haldnir hafa verið fimm félags- og faggreinafundir. Í Reykjavík, á Akranesi, í Reykjanesbæ, á Selfossi og í Vestmannaeyjum þar sem farið hefur verið yfir málin og leitað eftir sjónarmiðum félagsmanna. Einnig hefur málið verið rætt á sérstökum trúnaðarráðsfundi FIT og á útvíkkuðum fundi sambandsstjórnar Samiðnar og trúnaðarmanna aðildarféлага. Þá hefur að sjálfsgöngu verið fjallað um málið hjá miðstjórn sem jafnframt er samninganefnd Samiðnar.

Eftir þessa fundi er ljóst að langflestir félagsmenn telja að vegna mikillar óvissu í íslensku samfélagi sé rétt að leita allra leiða til þess að ná lausn á grundvelli gildandi kjarasamninga. Skapa þurfi forsendur fyrir sátt um leiðir út úr þeim vanda sem íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir þar sem lögð verði áhersla á að tryggja stöðugleika, draga úr verðbólgu, auka kaupmátt og fjölga störfum.

Stjórnvöld þurfa að standa við þau fyrirheit sem áður hafa verið gefin en ekki hafa gengið eftir. Þar má nefna ákvæði kjarasamninga um jöfnun lífeyrisréttinda, eflingu vaxtabótakerfisins og að dregið verði úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu, bæði vegna lífeyristekna og annarra tekna.



Einnig er mikilvægt að við endurskoðun kjarasamninga verði stjórnvöldum haldið við efnið varðandi fyrri yfirlýsingar um að þau ætli sér að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og kennitölufлакki.

SVÖRT VINNA - STJÓRNVÖLD DRAGA LAPPIRNAR

Í sumar var haldið áfram með átaksverkefni sem ASÍ, SA og ríkisskattstjóri hafa staðið fyrir um eflingu góðra atvinnuhátta. Athugun var gerð á því hvort þeir starfsmenn,

sem teknir voru til skoðunar í vinnustaðaeftirliti, fengu greiðslur frá Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun, lífeyrissjóðum eða verkalýðsfélögum auk launa frá viðkomandi fyrirtækjum.

Niðurstöður úr þessu átaki liggja nú fyrir. Þær staðfesta enn einu sinni að svört atvinnustarfsemi er útbreitt vandamál hér á landi.

Vegna þess að könnunin var tímafrek og ítarleg varð úrtakið lítið en hún náði aðeins til 247 starfsmanna í ýmsum starfsgreinum og eru skekkjumörk því all nokkur. Þó er óhætt að fullyrða að könnunin gefi ótvíræðar vísbendingar því af þessum 247 reyndust 36 vera í svartri vinnu eða 14,6%. Ellefu einstaklingar, eða tæpur þriðjungur af þeim sem voru í svartri vinnu, þáðu greiðslur frá Vinnumálastofnun auk launanna. 22% þeirra starfsmanna sem kannaðir voru í byggingariðnaði reyndust vera í svartri vinnu. Í farþegaflutningum var hlutfall starfsmanna í svartri vinnu 27,3%; á veitingastöðum 4,6% og á gistiheimilum 13%.

Svört atvinnustarfsemi kemur niður á samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem fara að lögum og reglum og dregur úr möguleikum fyrirtækja á því að ráða nýtt fólk til starfa með löglegum hætti. Launagreiðendur sem standa fyrir svartri vinnu axla ekki ábyrgð sína gagnvart samfélaginu og taka ekki þátt í að greiða fyrir sameiginlega þjónustu og brjóta grundvallarréttindi varðandi tryggingar og lífeyri starfsmanna.

Hér vantar eftirfylgni stjórnvalda. Þau þurfa án frekari tafa að grípa til aðgerða og tryggja nauðsynleg úrræði, bæði í gegnum skattkerfið og með öðrum hætti og ráðast þannig gegn þessu vandamáli af hörku.

Hilmar Harðarson, formaður FIT

Sambandsstjórnarfundur

Sambandsstjórnarfundur Samiðnar var haldinn föstudaginn 23. nóvember. Á dagskrá voru venjuleg fundarstörf Sambandsstjórnar þar sem reikningar Samiðnar frá síðasta ári voru samþykktir auk þess sem árgjald félaga var samþykkt. Aðalmál fundarins var hvort segja eigi upp kjarasamningum í febrúar vegna forsendubrests. Til að fá sem besta yfirsýn yfir vilja félagsmanna var fundurinn útvíkkaður eftir hádegið og unnin hópavinna í þjóðfundarstíl. Formaður Samiðnar flutti inngangsorð en síðan hafði hagfræðingurinn Yngvi Örn Kristinsson framsögu um stöðu þjóðarbúsins og horfurnar framundan og Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ fór yfir forsendur og stöðu kjarasamninga. Síðan var unnið með 3 spurningar í 4 hópum, en yfir 40 þátttakendur komu að þessari vinnu. Framkvæmdastjóri Samiðnar ásamt hópstjórum unnu síðan eftirfarandi samantekt byggða á svörum þátttakenda.

1. Á að nýta heimild til uppsagnar á kjarasamningi í febrúar?

- Flestir þátttakendur í hópastarfinu voru sammála að vegna mikillar óvissu í íslensku samfélagi sé rétt að leita allra leiða til að styrkja framkvæmd gildandi kjarasamninga.
- Lögð verði áhersla á að skapa forsendur fyrir sátt um leiðir út úr þeim vanda sem íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir þar sem lögð verði áhersla á litla verðbólgu, kaupmáttaraukningu og fjölgun starfa

2. Verði kjarasamningum ekki sagt upp en þess í stað teknað upp viðræður við SA sem stuðlað geta að framgangi samningsmarkiða - hvað er mikilvægast að leggja áherslu á í slíkum viðræðum?

- Við endurskoðun kjarasamninga verði í meginatriðum gengið út frá ákvæðum í gildandi kjarasamningum og lögð sérstök áhersla á að ríkisvaldið standi við gefin fyrirheit.
- Auka kaupmátt með því að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu, ná niður verðbólgu og koma í veg

fyrir að verðhækkanir fari beint út í verðlagið.

- Leggja sérstaka áhersla á að styrkja þau atriði sem eru í núgildandi kjarasamningi og eru til þess fallin að styrkja atvinnulífið og fjölga störfum.
- Tryggja að staðið verði við ákvæði kjarasamninga um jöfnun lífeyrisréttinda og dregið verði úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu bæði vegna lífeyristekna og annarra tekna.
- Fundin verði varanleg lausn á skuldavanda heimilanna, lögð verði áhersla á þá sem keyptu íbúðarhúsnæði stuttu fyrir hrun þ.á.m. yngstu íbúðar kaupendurna, sérstaklega verði horft til þess að draga úr neikvæðum áhrifum verðtryggingar til jöfnunar milli þeirra sem voru með verðtryggð lán og óverðtryggð.
- Hrint verði í framkvæmd fyrirheitum um nýtt húsnæðiskerfi þar sem stuðningur verði jafnaður milli búsetuforma, vextir lækkaðir og skapaðar forsendur fyrir rekstur leiguíbúða.
- Lokið verði við uppstokkun á barnabótakerfinu, þær hækkaðar verulega frá því sem þær eru í dag og dregið úr tekjutengingum.
- Endurskoðuð verði núgildandi skattþrep með það að markmiði að draga úr skattbyrði launafólks, einnig verði neysluskattar teknir til skoðunar með það að markmiði að þeir verði lækkaðir.

3. Ef kjarasamningum verður sagt upp til hvaða aðgerða á að grípa til að knýja á um nýjan kjarasamning.

- Verði það niðurstaðan að kjarasamningum verði sagt upp verður að vera til staðar samstaða um aðgerðir og þátttakan verður að vera almenn.
- Ef allsherjarverkföllum verði beitt eiga þau að vera tímabundin þ.e. einn dag í einu.
- Verði afmörkuðum hópum beitt fyrir heildina leggi allir til fjármagn í sameiginlegan verkfallssjóð til að hægt sé að greiða verkfallsbætur til þeirra sem verða fyrir launatapi.



Sendum félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og lands- mönnum öllum hugheilar jóla- og nýárskeðjur.



Desemberuppbót 2012

Desemberuppbót fyrir árið 2012 miðað við fullt starf er kr. 50.500 fyrir eftirtalda kjarasamninga. Samtök atvinnulífsins, Meistarasamband byggingamanna og Bílgreinasambandið. Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember ár hvert, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelldt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember. Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að uppgjörstímabil sé frá 1. desember til 30. nóvember ár hvert í stað almanaksárs. Iðnnemar fá greidda desemberuppbót í samræmi við vinnuframlag, þ.e. þurfa ekki að hafa skilað 12 vikum í vinnu á síðustu 12 mánuðum.

Reikniregla fyrir iðnnema og starfsmenn hluta úr ári.

50.500 deilt með 45 - sinnum unnar vikur, = desemberuppbót. ATH að uppgjörstímabilið sé 12 mánuðir.

Reikniregla fyrir hlutastarf.

50.500 deilt með 100 sinnum starfshlutfall

= desemberuppbót. Dæmi, 80% starf:
 $50.500/100 \times 80 = 40.400$ krónur

Upphæð desemberuppbótar í eftirtöldum kjarasamningum er:

Ríkissjóður 50.500
Reykjavíkurborg 56.000,
Strætó 56.000
Orkuveitan 61.600
Samband íslenskra sveitafélaga, 78.200
Landsvirkjun 85.672
Sjá nánar í viðkomandi kjarasamningum á heimasíðu FIT

Desemberuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum. Greiða ber öll gjöld og skatta af desemberuppbót eins og öðrum launum.

Til athugunar vegna starfsloka

Áunna desemberuppbót og orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótanna. Sama gildir um öll laun þar með talið orlof.



Rúnar Bogason, fyrrum formaður Sveinafélags járníðnaðarmanna í Vestmanneyjum

Vill sjá FIT sem landsfélag

Eyjapeyinn Rúnar Bogason er fæddur 1957 og uppalinn í Vestmannaeyjum, hefur alltaf haldið sig þar nema þegar gosið gerði það að verkum að hann var nokkra mánuði á Íslandi, þá 16 ára. „Ég var sendur í heimavistarskóla vestur í Ísafjarðardjúpi til að hafa ofan af fyrir mér á meðan gosið gekk yfir,” sagði vélvirkjameistarin Rúnar, sem var formaður Sveinafélags járníðnaðarmanna í Eyjum.

Félagið verður partur af manni

Eins og aðrir Eyjapeyjar sprangaði Rúnar sem mest hann mátti en vélavesenið, eins og Rúnar orðar það, kom þegar hann eins og aðrir peyjar þvældust um slippinn. Reyndar hafði Rúnar ekki langt að sækja áhugann því afinn, pabbinn og bróðirinn unnu allir í kringum vélar.

„Ég byrjaði afskipti af Sveinafélaginu 1984 þegar ég kom inn í stjórnina,” sagði Rúnar spurður hvenær hann byrjaði að vinna fyrir félagið. „Þegar ég kom inn í stjórnina var staða félagsins mjög góð en öll

gögn í 5 plastpokum. Einnig átti félagið gamlan sumararbústað á Þingvöllum. Við sem tókum við félaginu í plastpokum byggðum það upp á nokkrum árum í að eiga íbúð í Reykjavík og félagsheimili í Vestmannaeyjum svo ég held að það hafi tekist mjög vel. Ég man hreinlega ekki hvenær ég varð formaður, en ég var það í nokkuð mörg ár - alltof mörg - því í svona félagi er ekki gott að formaður sé of lengi. Félagið verður þá partur af manni og maður á erfitt með að láta það í hendurnar á bara einhverjum, maður vill helst að fylgt sé þeirri stefnu sem búið er að móta.



Þú áttir erfitt með að slíta þig alfarið frá félaginu.

Þeim sem tóku við af mér farnaðist ágætlega en svo þróaðist það einhvern veginn þannig að ég tók við aftur og við fórum að huga að því að þróa félagsvitund félagsmanna og gera þá enn virkari en eins og er í skyldufélögum þá vill helst enginn vera í forsvari og taka á sig auka ábyrgð. Við þurftum auðvitað að borga til Samiðnar og Alþýðusambandsins. Þetta kostaði mikla vinnu, við þurftum til dæmis að halda bókhald og vorum með starfsmann hálfan daginn. Þetta leiddi til þess að við þurftum að fara gera eitthvað í þessu. Eins og við vitum þá vill fólk síður vera í stjórn félags með skylduaðild.

Hvenær var Sveinafélagið stofnað?

Sveinafélagið var stofnað 1963. „Í gegnum árin voru um áttatíu manns að jafnaði í félaginu en oft fleiri á vertíðum. Sveinafélag járníðnaðarmanna var eingöngu fyrir járníðnaðarsveina, síðan voru nemar teknir inn, næst var félagið sameinað með trésmiðum og þá var reksturinn orðinn nokkuð þungur svo við sáum okkur leik á borði með að sameinast Félagiðn- og tæknigreina. Sú sameining var í júlí 2007 og ég held að það hafi ekki verið margir óánægðir með það.“

Eru margir í félaginu í Eyjum núna?

Það eru þó nokkrir að vinna í lausamennsku félagslausir og því hefur fækkað í félaginu svo ég held að frá okkur séu um 70 manns í FIT. Við byggðum félagið upp og þetta gekk alveg hjá okkur, við höldum úti skrifstofu með starfsmann í hálfu starfi en þegar síðan voru settar á okkur skuldbindingar varðandi sjúkrasjóð og annað gerðist róðurinn þungur. Samkvæmt reglugerðum Alþýðusambandsins verðum við að vera með löggilta endur-

skoðendur og bara það kostar nokkur hundruð þúsund á ári. Síðan var farið að tala um að það þyrfti tryggingafræðilega úttekt á sjúkrasjóðnum og það breytti ýmsu fyrir svona lítið félag svo við sáum okkur leik á borði að sameinast FIT og það var rétt ákvörðun tel ég.

Kom einhvers konar önnur sameining til greina?

Við ræddum við VM en mér fannst eins og þeir ætluðu að gleypa okkur, höfðu aðallega áhuga á að vita hvað við ættum mikla peninga í sjóðum. Við reyndum líka að sameinast verkalýðsfélögum heima í Eyjum en sú umræða varð ekki nógu þroskuð og áhuginn almennt ekki mikill til allsherjar sameiningar. Við reyndum viðræður við Drifanda stéttarfélag en það náðist ekki samkomulag um framvindu og í framhaldi af því var eiginlega bankað upp á hjá FIT og við sáum að í ljósi stærðarinnar og þeirrar stefnu sem þar er fylgt að við værum best settir í FIT. Ég held það hafi verið góð sátt um sameininguna. Hún var kynnt samkvæmt reglum félagsins, Samiðnar og Alþýðusambandsins svo það var allt gert löglega og það komu ekki neinar gagnrýnisraddir sem urðu til þess að það var stoppað af, það var bara kosið um það á tveimur félagsfundum og aðalfundi og það fór allt mjög vel, samþykkt einróma. Við höldum þjónustunni okkar í Eyjum ásamt íbúðinni okkar í Reykjavík en breyttum félagsheimilinu okkar í Eyjum í orlofsíbúð, sem er mjög vinsæl. Við rekum nú skrifstofu með Verslunarmannafélaginu og starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar.

Er betra að einfalda rekstur félaga?

Þegar svona starf er rekið af áhugamennsku tekur það töluverðan tíma frá fjölskyldu og leik einnig er ekki alveg það sama að vera til dæmis að



vinna við vélaupptekt frá morgni til kvölds og svo eftir kvöldmatinn að fjalla um málefni sem varða kjarasamninga og sjúkrasjóðsmál, oft á tíðum viðkvæm einkamál félagsmanna. Það þarf að stilla sig aðeins inn fyrir þessi málefni en það getur oft tekið á og oft eru menn ekki alveg í stuði. Þó félagið sé ekki með nema um áttatíu manns kemur upp sú staða að menn þurfa að sinna þjónustunni og það kostar mikla peninga, það er ekki hægt að hafa neina svarta peninga í skrifstofuhaldi og bókhaldi. Hagkvæmni stærðarinnar borgar sig tvímælalaust.

Hafa væntingar um aðild að FIT gengið eftir?

Ég held að væntingar okkar varðandi FIT hafi allar gengið eftir nema hvað mönnum finnst almennt að þjónusta FIT varðandi launasamninga, að hífa upp launin, hafi ekki gengið eftir væntingum og ég er eiginlega sammála því. Ástæðan gæti verið vegna samgangna, það er að segja fjarlægðarinnar því ef við þurfum til dæmis að fá Hilmar formann út í Eyjar tekur það allan daginn, einu sinni tók það fjóra daga og það var einmitt út af samgöngum en vonandi verður breyting á því ef mönnum lukkast að búa til almennilega höfn í Landeyjum og græja almennilega ferju. Eins og staðan er dag hefur sambandið við FIT gengið mjög vel en það eru þessar samgöngur og fjarlægðir. Það má því segja að samgöngur trufla helst samskiptin við félagið því þegar þarf að fá mann á fund til Eyja þá getur það tekið allan daginn að koma til Eyja og til baka aftur. Auðvitað eru starfsmenn FIT einnig uppteknir og hafa stundum ekki komist þegar við köllum eftir þeim, en það er bara eins og það er. Eyjamenn hafa verið að nýta sér bústaði félagsins en á móti kemur að út af fjöldanum verður erfiðara að fá hús en ég held að það hafi ekki neinir miklir árekstrar verið út af því. Svo er vetrarleigan dúndrandi sniðug, hún kostar okkur ekki punkta svo ég hef ekki heyrt neinn kvarta sáran.

Hvernig sérðu FIT þróast?

Ég sé FIT fyrir mér eins og verið hefur. Félagið hefur styrkt sig mikið inná við og mér finnst FIT í góðum fjárhagslegum málum, eignarhaldið á sumarhúsunum er fínt og ég sé ekki betur en sjúkrasjóðurinn sé alveg í toppstandi og skuldbindingar hans séu tryggingafræðilega góðar svo allt gagnvart félagsmönnum sé í góðu lagi. Það er búið að taka þetta allt út tryggingafræðilega og ég held að við hefðum aldrei getað gert það í svona litlu félagi. Varðandi þróun og þroska vildi ég sjá FIT verða landsfélag svo að við fengjum meiri breidd í félagið, ég var nú reyndar alltaf mjög áhyggjufullur um að stóru félögin yrðu alltof mikið ráðandi og réðu öllu er varðaði málefni félagsmanna úti á landi en hvað varðar FIT og okkur í Eyjum finn ég ekki fyrir því.

Hvernig eru atvinnumál í Eyjum?

„Þau eru mjög góð og eru ekki að valda okkur einhverjum kvíða. Auðvitað eru alltaf einhverjir á atvinnuleysissskrá en í okkar geira held ég sé enginn og hefur ekki verið síðan hrunið kom yfir okkur. Það kemur auðvitað upp umræða núna þegar verið er að tala um að setja á veiðileyfagjald og það á sjálfsagt eftir að koma niður á okkur enda eru útgerðamenn dauðskelkaðir. Það virðist allt





Frá Vestmannaeyjum, horft frá Skansinum í átt að Heimakletti

vera í góðu standi en eins og önnur samfélög er fólk því miður að taka svarta vinnu. Það eru líka menn sem standa utan félagsins og það er ekki nógu gott. Það er samt ekki hægt að kenna félaginu beint um það, ég held að það sé löggjafinn sem stendur sig ekki nógu vel í þeim málum, það skortir úrræði og viðurlög.“

Vildu allir vera í sterkari félagi?

Í félaginu í Eyjum eru til dæmis járníðnaðarmenn, trésmiðir, múrarar og málara svo í raun og veru spannar FIT yfir flestar iðngreinar. „Við sáum þegar nemarnir komu inn á sínum tíma að það var styrkur í því og eins þegar trésmiðir komu til liðs við okkur. Við sáum að við gátum nýtt okkur það betur í launabaráttunni og að félögin gætu stutt hvert annað en kúltúrinn í launabaráttunni er orðinn allt öðruvísi en hann var. Það virðist ekki vera möguleiki í litlu bæjarfélagi eins og Vestmannaeyjum því þar er öllu í raun miðstýrt, til dæmis er útseld vinna ódýrari þar en í Reykjavík og það helgast af því að þeir sem kaupa vinnuna standa saman með að borga ekki meira. Það hefur samt ekki verið mikið strögg, samningar hafa náð ágætlega í gegn en auðvitað erum við alltaf að rembast við að ná meiru og eins og búið er að koma hlutunum fyrir verður hver og einn meira að þrúka laununum upp með gerð ráðningasamninga, þannig er þróunin um allt land. Ég mundi þó vilja sjá FIT beita sér meira

á þessu sviði í framtíðinni, menn vilja sjá félagið standa meira í framlínunni fyrir okkur en auðvitað er það líka okkur sjálfum að kenna því við beitum okkur ekki nógu innan félagsins.

Hvað með göng til Eyja?

Ég hef ekki trú á að það verði göng – þá verður þetta ekki eyja lengur – þó ég sé ekki neitt sérstaklega að tala gegn göngum. Ég vil sjá Vestmannaeyjar eins og þær eru með þægilega ferju á milli. Helst tveggja tíma sigling til Þorlákshafnar. Annars er keyrslan mesta málið, t.d. getur verið flughálka fyrir austan og þá tekur jafnvel þrjá tíma að komast í og úr bænum.

Hvernig sér Rúnar fyrir sér nánustu framtíð í Eyjum?

Við sáum í fyrra og nú í ár að það hefur verið mikil aukning á vinnu í sambandi við sjávarútveginn því makrillinn, síldin og loðnan komu vel út auk þess að botnfiskveiðarnar ganga mjög vel. Það þarf þá að halda bátaflotanum við og við erum sæmilega vel settir með það. Í samræmi við það er bygginga- iðnaðurinn á góðu flugi þegar byggðalagið gengur vel og sjávarútvegurinn er í lagi. Eyjar eru í raun bara sjávarpláss, við höfum ekkert annað. Ferðamannaíðnaðurinn er svo sér kapituli. Svo erum við að bögglast við halda okkar hlut í íþróttunum en ég vil ekkert fara að ræða það, slíkt gæti komið mér í vandræði,“ bætti Rúnar við hlæjandi.





Glaðbeittur hópur við Samgöngusafnið á Skógum

Heldrimannaferð FIT

Ferð heldri félagsmanna FIT var farin laugardaginn 21. september 2012.

Safnast var saman við Borgartún 30 í Reykjavík kl.10, nema Sunnlendingar sem voru teknir upp á leiðinni, því förin var heitið austur fyrir fjall.

Fyrst var áð á Selfossi þar sem formaður FIT tók drengina til altaris en síðan var haldið að Drangshlíð, þar sem snæddur var hádegisverður. Þegar kaffið var borið fram var harmonikkan tekin upp og brátt ómaði húsið af söng við undirleik Lárusar Lárussonar.

Því næst var farið í Samgöngusafnið á Skógum þar sem skoðaðir voru ýmsir munir frá árdaga bílsins, vélar og bátar og mikið og merkilegt safn talstöðva og síma. Einnig gaf að líta safn björgunarfélaganna með allskyns gömlum munum og tækjum. Eftir mikla og góða skoðun á safninu þótti við hæfi að taka hópinn til altaris og fara svo í lautarferð þar sem teknar voru hópmyndir.

Leiðin lá svo til baka til Hellu þar sem hópurinn fékk kaffi og rjómapönnukökur ásamt hressingu. Aftur var nikkan dregin fram og var nú mikið sungið en einnig höfðu menn margt að spjalla.

Í rútunni á heimleiðinni var orðið gefið laust og sögðu menn þá ýmist brandara eða mærðu félagið. Ferðinni lauk svo við Borgartúnið um kl. 19 eða klukkustund síðar en áætlað hafði verið. Enginn hafði þó neitt við það að athuga og hefðu menn eflaust viljað vera lengur, slíkur var áhuginn og gleðin.

Ferðin var á ábyrgð Hilmars Harðarsonar, formanns. Ljósmyndari var Rúnar Hreinsson en fararstjórn var í höndum Hermanns Guðmundssonar í forföllum Sveins Ingasonar.



Hermann Guðmundsson fararstjóri



Myndir teknar á félags- og faggreinafundi í Reykjavík

Frá félags- og faggreinafundi á Selfossi





Fundarmenn í Reykjanesbæ ábúðarmiklir á svip

Félags- og faggreinafundir

Félags- og faggreinafundir voru haldnir um miðjan nóvember. Tilgangur fundanna var meðal annars að fá fram hugmyndir og vilja félagsmanna gagnvart uppsögn kjarasamninga. Formaður félagsins, Hilmar Harðarson segir að skoðanir hafi vissulega verið skiptar en jafnframt finni hann fyrir auknum þunga gagnvart því ástandi sem skapast hefur í þjóðfélaginu frá hruni. Hann segir að margoft nefni menn siðferði í viðskiptum, loforðasvik, verðtryggingu (bæði með og á móti) og síðast en ekki síst verði mönnum tíðrætt um skuldastöðu heimilanna. Framkvæmdastjóri Sam-

einaða lífeyrissjóðsins Kristján Örn Sigurðsson og Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs voru til svara á sumum fundanna og höfðu fundargestir margar spurningar og mismunandi skoðanir á rekstri lífeyrissjóðanna. Mæting var misjöfn, en nokkuð góð í heildina tekið.

Fundir voru haldnir á eftirtöldum stöðum: Reykjavík, mánudaginn 12. nóvember. Selfossi, þriðjudaginn 13. nóvember. Akranesi, miðvikudaginn 14. nóvember. Reykjanesbæ fimmtudaginn 15. nóvember og að lokum í Vestmannaeyjum, mánudaginn 19. nóvember.





Stefán Stefánsson, atvinnulífsfræðingur

Starfsráðgjafi til starfa

Vinnumiðlari og starfsráðgjafi STARFS ehf. hóf störf hjá FIT, Félagi iðn- og tæknigreina og Byggiðn - í byrjun júlí þegar STARF ehf., sem er í eigu ASÍ og Samtaka atvinnulífsins, tók við verkefnum frá Vinnumálastofnun. Stefán Stefánsson atvinnulífsfræðingur var ráðinn og er hann með aðstöðu hjá félaginu í Borgartúni 30. Hilmar Harðarson, formaður FIT ræddi við Stefán.

Hver er helstu verkefni hjá þér?

Við vinnum samkvæmt skráningarkerfi Vinnu-
málastofnunar þar sem haldið er utan um
hvern einstakling með því að skrá hvernig hann
stendur sig, hvað hann hefur verið að gera og
hvar áhugi og þekking liggur. Það er í raun
kostur því þannig geta væntanlegir vinnu-
veitendur spurt hvort menn séu virkir í sinni
atvinnuleit eða að bæta við þekkingu sína til
að styrkja sig á vinnumarkaði. Málið snýst því
um að menn komi í viðtal eða hringi, eða komi á
opna fundi sem höldum.

Hverju þarf atvinnuleitandi að byrja á?

Við leggjum áherslu á að fólk skrái sig strax hjá
Vinnumálastofnun ef kemur til atvinnumissis,
kannski reynir ekki á atvinnuleysi og menn
finna vinnu en betra að hafa vaðið fyrir neðan



sig til að halda réttindum sínum. Það er gert á
vef Vinnumálastofnunar, stofnuð er svokölluð
„Mín síða“ og svo þarf að fylgja leiðbeiningum,
sem þar koma fram. Það má líka hafa í huga að
vera áfram í stéttarfélaginu til að halda öllum
réttindum, sem búið er að vinna sér inn.



Myndir úr safni FIT



Er þá allt í tölvu?

Já, mikið af ferlinum er í tölvu. Hinsvegar eru ekki allir nettengdir eða með þekkingu á tölvum, það er algengur misskilningur að allir gangi um með fartölvu eða snjallsíma. Þá er bara að hafa samband og við vinnum saman við að leysa málin. Í kjölfarið þarf að safna gögnum og hér á líka við að ef það er snúið þá eru félögin alveg reiðubúin til að aðstoða.

Síðan er best að hafa samband við félagið sitt innan mánaðar og bóka tíma ef félagið er ekki þegar búið að hafa samband og þá förum við yfir

stöðuna, hvað er í boði og hvað er mögulegt. Það er í raun ótrúlega mikið úrval af alls kyns námskeiðum og jafnvel námi í atvinnuleysinu. Um að gera að nýta sér það, sérstaklega til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaðnum og sjá tækifæri – snúa þannig vörn í sókn.

Hvernig vinnið þið námskeiðin?

Við erum í góðu sambandi við námskeiðshaldara. Ég nefni sem dæmi Iðuna fræðslusetur og Mími símenntun ofl.. Þegar upp kemur þörf á ýmsum úrræðum eða námskeiðum höldum við

Sjóðandi suðunámskeið

Eftir nokkra fundi með félagsmönnum var ljóst að margir höfðu séð aðeins inní framtíðina og lögðu til ýmis konar námskeið, bentu á hvað væri að gerast á markaðnum og hvað væri framundan. Að sjálfsögðu lögðu starfsmenn stéttarfélaganna og

Iðunnar, sem voru á fundinum, eyrun við slíku. Úr varð að sett var saman námskeið í málmsuðu og þar sem Iðan er með viðurkenningu menntamála og iðnaðarins, enda þessi námskeið með vottun, sem eykur möguleika á vinnu.





Úr myndasafni FIT

Skjálfandi inn - hnarreistir út

Á tölvunámskeiðinu fyrir byrjendur mættu margir og litu með léttri skelfingu á tölvuna, sem átti að kenna á. Kennarinn þekkti þetta vel og hamaðist mjúklega í mönnum að láta sig hafa það að ýta á takkana. Það gekk, takkar voru snertir og hræðslan minnkaði, menn færðust í aukana og tóku enn betur við sér þegar sýnt var hvernig hægt væri að komast inná Íslendingabók þar sem hægt er að skoða sín ættartengsl. Þetta snerist sem sagt ekki bara um að læra að stimpla sig í atvinnuleysinu heldur fá skemmtilegar upplýsingar. Undir lokin var forvitnin vakin fyrir alvöru og sömu mönnum og komu frekar smeykir inn þurfti næstum að ýta út svo næsti hópur kæmist að. Það voru hnarreistir menn sem gengu út.

fundi með þessum fræðslufyrirtækjum okkar, sem fara yfir málið, spyrja spurninga og greina þörfina. Í framhaldi af því er sett upp hnitmiðað námskeið sem ætlunin er að nýtist atvinnuleitendum mjög vel. Ég nefni tölvunámskeiðin sem dæmi. Þau eru sniðin að ýmsum hópum og þörfum þeirra enda er mikil ánægja með þau. Auðvitað hlustum við vel á allt sem mætti betur fara og það gera námskeiðhaldarar líka svo við getum betrubætt eins og hægt er. Dæmi um slíkt er tölvunámskeið fyrir þá sem hafa aldrei kveikt á tölvu og það eru þó nokkrir. Annað dæmi er námskeið þar sem mönnum er kennt að vinna í töflureikni (Excel) en það er einfalt forrit til að reikna út og mjög gott fyrir þá sem eru að setja upp tilboð. Ég gæti haldið lengi áfram með þessi tölvunámskeið en verð líka að nefna námskeið í uppsetningu fyrirtækja.

Hvað með vinnutækifæri?

Einmitt, gott að þú spurðir að þessu. Í gegnum félagið erum við með mikil tengsl við fyrirtæki enda reynsluboltar á skrifstofunni, sem ég hika ekki við að spyrja út úr. Þeir hafa verið mjög duglegir við að benda á ýmsa möguleika og fyrirtæki þar sem tækifæri bjóðast. Þeir hafa líka sjálfir kynnt STARF í heimsóknum sínum í fyrirtæki enda um að gera að nýta tengslin. Þetta hefur líka skilað sér því fyrirtækin þekkjа þessa kalla og reyndar konurnar á skrifstofunni líka, treysta þeim og vita að mark er á þeim takandi. Þetta auðveldar vinnuna oft, þá er talað hreint út og oft líflegar umræður sem gerir vinnuna líka skemmtilegri. Það spilar líka inni að fólkið á skrifstofunni þekkir atvinnulífið. Til dæmis varðandi vinnu við málmsuðu. Oft hefur þurft að ráða fólk erlendis frá til að sinna sérstökum suðuverkefnum. Þetta er oft fólk sem gerir ekkert annað, fer á milli landa og er bara í einni tegund af suðu. Því var farið út í að setja upp námskeið í þessum suðum, fá vottun um það og þá er hægt að sinna þessum verkefnum með innlendu vinnuafli.

Hvernig gengur að vinna með félagsmönnum?

Mjög vel. Við gerum okkur vel grein fyrir því að í þeim er gríðarleg reynsla og þegar menn eru sestir inni eldhús með kaffibolla kemur ýmislegt í ljós. Þetta höfum við reynt að nýta, fengið



Fundir, kleinur og uppbrettar ermar

Fyrstu fundirnir fóru mjög rólega af stað, margir höfðu setið slíka fundi og bjuggust ekki við miklu en þegar formenn félaga mættu og töluðu á máli, sem menn þekkja úr bransanum og stundum ekki skafið utan af því, lyftist brúnin. Sumir mættu

með úlpurnar renndar uppí höku og húfuna niður í augu en þegar fundum lauk voru menn komnir á skyrtuna, búnir að bretta uppá ermar og höfðu skoðanir á málum. Rætt var um að kleinurnar og kókurnar hefðu kveikt í mönnum.

hugmyndir að námskeiðum, atvinnumögu-leikum og mörgu fleiru. Við erum að setja saman smá gagnabanka um þetta og viljum endilega heyra hugmyndir.

Við höldum líka opna fundi með minni hópum svo við hittum um helming félagsmanna. Þar komu fram nokkrar góðar hugmyndir um hvernig hægt er að styrkja stöðu manna og einnig hvar tækifærin liggja. Það voru ekki bara gagnlegir fundir heldur líka skemmtilegir.

Verða fleiri slíkir fundir eða hvernig verður samband við okkar félagsmenn?

Við viljum hafa fleiri fundi, sem gætu verið óformlegir þar sem menn setjast niður með kaffibolla – jafnvel að kleinur fylgi með. Annars er líka gott að menn hringi á skrifstofuna og panti tíma í viðtal, það er betra svo menn séu ekki í einhverri tímaþröng eða þurfi ekki að bíða lengi. Það er þá hægt að senda tölvupóst á stefan.starf@samidn.is eða hringja í félagið – 535 6000.

Gamla ljósmyndin



Þetta eru þeir Guðjón Klemensson húsnámsmeistari einn stofnenda Íðnsveinafélags Suðurnesja en hann lést 1979 og Hafsteinn Guðmundsson íþróttakennari og forstöðumaður Sundmiðstöðvarinnar í Keflavík. d.29.04.2012. Þeir eru hér að slá undir plötu á húsi Hafsteins við Brekkubrautina í Keflavík en hann lést í apríl 2012.

Sveinsbréfaafhending

Föstudaginn 21. september fengu 94 nemar í 8 iðngreinum afhent sveinsbréf í sameiginlegu hófi, lðunnar fræðsluseturs og sveina og meist-arafélaga. Flestir luku sveinsprófi í húsasmíði eða 41, þá luku 12 sveinsprófi í bifvélavirkjun, 12 í bílamálun, 11 í pípulögnum, 10 í bifreiðasmíði,

5 í múraraiðn, 2 í blikksmíði og 1 í rennismíði. Eins og áður sagði var af þessu tilefni haldið veglegt hóf í salarkynnum Hótel's Natura og var mæting mjög góð. Allir félagsmenn FIT fengu merktan skjöld frá félaginu af þessu tilefni og óskar FIT nýsveinunum til hamingju með sveinsprófið.



Hilmar Harðarson, formaður FIT





*Hildur Elin Vignir, framkvæmdastjóri
Iðunnar fræðsluseturs*



Bifvélavirkjar



Bílamálarar



Blikksmiður



Bifreiðasmiðir



Húsasmiðir



Pípulagningamenn



Rennismiður



Raunfærnimat iðngreina

Hvað er raunfærnimat? Það er, eins og orðið segir, MAT á þeirri FÆRNI sem viðkomandi hefur í RAUN. Alla jafna tölum við ekki um raunfærni okkar en samt er þetta dýrmætasta færni okkar. Í dag gefst kostur á að kortleggja þessa færni og fá hana metna til eininga inn í almenna skólakerfið.

Fyrir hvern er raunfærnimat? Það er fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið sveinsprófi eða loka-prófi í sínu fagi en eru orðnir 25 ára og hafa unnið við það í 5 ár eða lengur og langar að ljúka námi sínu.

Raunfærnimat iðngreina hefur verið í boði hjá IÐUNNI fræðslusetri síðan 2007 og nú eru 18 greinar í boði þar. Iðngreinarnar eru: bifvélavirkjun, bifreiðasmíði og bílamálun, húsasmíði, pípulagnir, málaraíðn og múraraíðn, matreiðsla, framreiðsla, bakaríðn, kjötiðn, kjötskurður og matartækni, blikksmíði, rennismíði, stálsmíði, vélstjórn og vél-virkjun og hársnyrtiiðn.

Þátttakendur í raunfærnimati hafa öðlast færni

og þekkingu á vinnumarkaðnum sem vert er að skoða, styrkleikar innan fagsins eru kortlagðir og færnimappa unnin. Viðkomandi vinnur náði með náms- og starfsráðgjafa að undirbúningi fyrir matssamtal en þar fara fagaðilar yfir stöðu hvers og eins. Eftir raunfærnimatið leiðbeinir náms- og starfsráðgjafi þátttakanda um næstu skref sem í öllum tilfellum er skólaganga hvort sem það er í almennum greinum eða faggreinum og einnig er námssamningur hvers og eins skoðaður þegar það á við.

Í dag hafa 1007 farið í raunfærnimat og um 60% þeirra hafa lokið sveinsprófi eftir það. Ef þú eða einhver í kringum þig hefur áhuga og vilja til að ljúka námi sínu hafið þá samband við IÐUNA fræðslusetur og fyrir nánari upplýsingar skoðið www.idan.is/raunfaernimat

Raunfærnimat er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Allir velkomnir - engin skuldbinding.



Trúnaðarráðsfundur

Haldinn var trúnaðarráðsfundur þriðjudaginn 6. nóvember s.l. í Borgartúni í Reykjavík. Dagskrá fundarins var eftirfarandi: Farið yfir stöðu kjarasamninga, endurskoðunarákvæði kjarasamninga og að lokum önnur mál. Stóra málið var að sjálfsögðu afstaða félagsins til hugsanlegrar uppsagnar kjarasamninga og var í

því sambandi farið yfir stöðu kjarasamninganna og hvað hefði verið efnt af loforðum og hvað ekki. Miklar og góðar umræður urðu um málið og var fundurinn gott veganesti fyrir sambandsstjórnarfundinn sem haldinn var síðar í mánuðinum. Meðfylgjandi myndir voru teknar á fundinum.





Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, í ræðustól á þinginu

40. þing ASÍ

Fertugasta þing Alþýðusambands Íslands var haldið dagana 17. til 19. október s.l. Rúmlega 50 stéttarfélög mættu til leiks með yfir 300 þingfulltrúa. Samiðn átti 21 fulltrúa á þinginu en þar af átti FIT 12 fulltrúa. Á þinginu var málefnavinnan að verulegu leyti unnin samkvæmt svokölluðu þjóðfundarformi þar sem fólki var raðað til borðs, u.þ.b. 10 í hóp og málefni sem úthlutað var á borðið voru rædd. Hver einstaklingur hafði svo 3 atkvæði til að styðja þau málefni sem honum fannst

vega þyngst, en síðan skiptist hópurinn og fór á sitt hvort borðið þar sem önnur málefni voru til umræðu en nýir hópar komu frá sitt hvoru borðinu og ræddu sömu málefni og fyrri hópur. Svona gekk þetta fyrir sig koll af kolli þar til þau málefni sem til umræðu voru höfðu verið rædd af öllum hópum. Ályktanir og samþykktir voru svo búnar til út frá málefnavinnunni, en áherslan á málefnið réðist af fjölda atkvæða sem því hafði verið gefið. Lesa má um afraksturinn á vef ASÍ, www.asi.is.



Það var þétt setinn bekkurinn



Hluti fulltrúa FIT á þinginu

Reglur varðandi orlofshús FIT

Leyfi til að hafa gæludýr meðferðis í bústaði

Stjórn Félags iðn- og tæknigreina hefur samþykkt að leyfa félagsmönnum að hafa með sér gæludýr í tvö af orlofshúsum félagsins þ.e. Kiðárbotna 1 Húsafelli og Skógarás 1 Úthlíð. Leyfi þetta er tímabundið, þ.e. frá ármótunum 2012/2013 til áramóta 2013/2014. Á þessu eina ári verður fylgst sérstaklega með umgengni og þrifum í húsunum og framhaldið metið með hliðsjón af því. Bent er á að lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðunum. Fólki með ofnæmi fyrir dýrum er ráðlagt að fara ekki í þessa bústaði.

Reglur um opnun á leigu á orlofsvef FIT

- Tímabilið janúar – mars (fram til páska) er opnað 15. október eða fyrsta virkan dag á eftir kl 13:00.
- Tímabilið apríl – maí (þar með páskaleigan og tímabilið fram að sumarútleigu) er opnað fyrsta virkan dag í janúar kl 13:00.
- Tímabil sumarútleigu (það sem ekki leigist í forgangsleigu) er opnað samkvæmt auglýsingu í fréttabréfi og heimasíðu, hverju sinni.
- Tímabilið sept. – des. er opnað fyrsta virkan dag í maí kl.13.00.
- Hátún í Reykjavík er opnað fyrsta virkan dag í hverjum mánuði kl. 13:00. Þá opnast 7. mánuður frá þeim degi.
- Húsið í Orlando er sett inn 1. virkan dag í mars kl. 13 og þá opnað fyrir næsta ár á eftir. Dæmi: 1. mars 2013 kl. 13:00 er opnað allt árið 2014.
- Verð á leigu Íslandi í orlofshúsunum er endurskoðað að hausti, eftir sumarútleigu, en verð á húsinu í Orlando er endurskoðað fyrir 1. mars ár hvert.

Reglur um endurgreiðslu fyrir leigu, aðra en húsið í Orlando:

- Sækja þarf um endurgreiðslu með tölvupósti á fit@fit.is og greina frá ástæðum.
- Alltaf er haldið eftir 10% af leigu hvort sem um er að ræða vetrar- eða sumarleigu. Ef ekki næst að endurleigja er ekkert endurgreitt.
- Endurleigist húsið eða tjaldvagninn er endurgreitt hlutfallslega eftir því hve mikið endurleigist, þó er alltaf haldið eftir 10%.
- Punktur vegna sumarleigu eru ekki bakfærðir þó endurleiga eigi sér stað.
- Hamli færð eða veður för þarf að senda tölvupóst til félagsins og tilkynna það áður en leigutími hefst. Það er forsenda þess að möguleiki sé á endurgreiðslu.
- Komi til endurgreiðslu er það alltaf í formi inn eignar á orlofsvef FIT.

Reglur um endurgreiðslu ef hætt er við leigu á húsinu í Orlando

- Sækja þarf um endurgreiðslu með tölvupósti á fit@fit.is og greina frá ástæðum.
- Sé afbókað áður en 8 mánuðir eru í leigu er haldið eftir 10% af leigu.
- Sé afbókað síðar en meira en 6 mánuðir eru í leigu skal halda eftir 25% af leigu.
- Sé afbókað síðar en meira en 4 mánuðir eru í leigu skal halda eftir 50% af leigu.
- Sé minna en 4 mánuðir í leigu er ekkert endurgreitt.
- Endurleigist húsið allt afbókunartímabilið er endurgreitt allt nema 10%.
- Endurleigist húsið hluta af afbókunartímabilinu eru 10% dregin af og endurgreitt hlutfallslega.





Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.



Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreignar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilagreinum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn Borgartúni 30 105 Reykjavík www.lifeyrir.is